

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2002

frá 25. júní 2002

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir evrópsk félög að því er varðar þátttöku starfsmanna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32d (tilskipun ráðsins 2001/23/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32e. **32001 L 0086:** Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir evrópsk félög að því er varðar þátttöku starfsmanna (Stjtíð. EB L 294, 11.10.2001, bls. 22).

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/86/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 238, 5.9.2002, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 294, 11.10.2001, bls. 22.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.